



Vetrarfréttabréf

Ágætu félagar

Stjórn Félags uppbyggingar sjálfsaga – uppeldi til ábyrgðar fagnar nýju ári með ykkur. Nýtt samstarfsár, ný tækifæri fyrir ykkur í skólunum og fyrir okkur í félaginu.

Mikilvægt er að við finnum samstöðuna og sameiginlegan samstarfsvettvang í Uppbyggingunni. Þannig getum við hjálpast að við að efla starfið okkar, gera það fjölbreyttara, auðveldara og skemmtilegra. Því mælum við eindregið með að þið eignist vinaskóla í uppbyggingu. Þannig má skiptast á hugmyndum og lausnum. Möguleiki að teymi fari milli skóla og fræði og kynni fyrir öðru starfsfólki því það er stundum erfitt að vera „spámaður í eigin föðurlandi“.

Stjórnin ætlar að leggja sitt af mörkum með því að leggja til og hvetja ykkur til að leggja til efni á heimasíðuna okkar bæði fyrir hópa og einstaklinga. Við erum tilbúin að greiða fyrir birtingu og útgáfu á efni þannig að það nýtist sem flestum. Þið megið eiga von á nýju efni á heimasíðuna núna með vorinu, spennandi tímar fram undan. En betur má ef duga skal og ÞITT efni væri vel þegið líka. [Uppbygging sjálfsaga – uppeldi til ábyrgðar](#)

Við viljum líka benda á heimasíðuna <https://sunnuhvoll-utgafa.is/> en þar má finna efni úr fleiri áttum sem fjalla um uppbyggingu sjálfsaga í vinnu með börnum og ungmennum. Hér er á ferðinni Magni Hjálmarsson sem hefur verið iðinn við þýðingar á efni Diane Gossen og fleiri aðila.

Um miðjan apríl verður aðalfundur félagsins og þá er tækifæri fyrir ykkur ágætu félagar að hoppa á vagninn og bjóða ykkur fram í stjórn félagsins. Það er mikilvægt að við fáum öflugt fólk til að stjórna félaginu, koma með nýjar hugmyndir, stilla saman strengi og efla okkur öll. Aðalfundurinn verður auglýstur betur á næstu vikum. Á aðalfundi ætlum við að bjóða upp á nokkur erindi auk hefðbundinnar dagskrá aðalfundar skv. lögum félagsins. Dagskrá þessa fræðsludags verður auglýst betur síðar.

Þeir sem eru að fara með okkur á námskeið til Brighton í júní eiga von á pósti innan tíðar um ferðina og nánara fyrirkomulag.

Við horfum til framtíðar og hlökkum til að vinna með ykkur að eflingu Uppbyggingar umallt land í öllum skólum

Með kveðju og óskum um uppbyggjandi og skemmtilegt vorstarf í skólunum ykkar

F. h. stjórnar

Guðbjörg M. Sveinsdóttir, formaður

Netfang: gudbjorgmsv@gmail.com sími 898-6842